

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Með orðsendingu 30. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Eistlands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Eistlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1996 og 20/1997. Uppsögnin öðlaðist gildi 1. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um uppsögn viðskiptasamnings við Eistland.

Með orðsendingu 18. nóvember 2003 var íslenska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Eistlands á viðskiptasamningi milli Íslands og Eistlands sem gerður var í Reykjavík 26. ágúst 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 24/1991 þar sem samningurinn er birtur. Uppsögnin öðlaðist gildi 1. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Með orðsendingu 31. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Lettlands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Lettlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996. Uppsögnin öðlaðist gildi 1. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi fyrirkomulag milli Íslands og Lettlands varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gert var í Reykjavík 18. september 1996, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.